



Hjálmur

fréttablað

Milljónir sparast á vistvænum akstri

Með því að þjálfa starfsfólk í vistvænum akstri hefur Hópbílum og Hagvögnum tekist að draga úr olíunotkun sem nemur milljónum króna á ársgrundvelli.

[8]



Eftirstöðvar skulda færðar niður í 110%

Lántakendum í greiðsluvanda með yfirveðsett heimili býðst að fá eftirstöðvar skulda færðar niður í 110% af verðmæti eigna, samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila. Niðurfærsla einstaklings getur orðið 4 milljónir en 7 milljónir hjá sambýlissólki, hjónum og einstæðum foreldrum. Möguleiki er á frekari niðurfærslu eftir ítarlegt mat á viðkomandi.

Lántakendum í miklum greiðsluvanda býðst að færa lán niður í allt að 70% af verðmæti íbúðarhúsnæðis í samræmi við greiðslugetu.

Rúmum tveimur milljörðum verður varið í að viðhalda hækkan vaxtabóta auk þess sem gert er ráð fyrir að þær komi til greiðslu ársfjórðungslega. Tímabundin vaxtaniðurfærsla verður einnig hluti af aðgerðunum. Útgjöld vegna þessa nema um 6 milljörðum króna á ári, næstu tvö árin og munu lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki fjármagna útgjöldin.

Þá munu lífeyrissjóðir greiða fyrir félagslegum úrræðum í húsnæðismálum og unnið verður að því að koma á fót fjölbreyttum húsnæðislausnum.

Ársfundur ASÍ

Ársfundur Alþýðusambands Íslands fór fram á Hilton Nordica hótelinu 22. október síðastliðinn. Á fundinum voru samþykktar ályktanir um áherslumál sambandsins og aðildarféлага þess. Yfirskrifin var Stopp, hingað og ekki lengra. Helstu áherslur voru á atvinnu- og kjaramál í ljósi komandi kjarasamninga auk velferðar- og skipulagsmála.

Hingað og ekki lengra

Nánari umfjöllun um ályktanir ASÍ er á blaðsíðu 4.

[4]



[13]

Karlar velkomnir



[24]

Nýr sumarbústaður



[15]

Gúttó

Uppbygging í kjölfar hruns

Nokkur grundvallaratriði þarf að leiðrétta eftir efnahagshrunið til að gefa almenningi hér á landi kost á sómasamlegu lífi.



Kolbeinn Gunnarsson
Formaður Hlífar

Leiðrétta þarf skuldastöðu heimilanna og hjálpa þeim sem lentu í erfiðleikum vegna íbúðakaupa. Afnema þarf verðtryggingu, taka upp nýjan gjaldmiðil og hækka laun til að efla kaupmátt. Þá er sköpun atvinnutækifæra forsenda þess að auka tekjur í ríkissjóð og efla framkvæmdir á vegum hins opinbera

Hér á landi fór allt úr böndunum við hrunið. Verðbólga rauk upp með tilheyrandi áhrifum verðtryggingar á lán. Heimilin þola ekki slíka verðbólgu. Skuldastöðu þeirra þarf sannarlega að leiðrétta, en hugmyndir um 18% flata niðurfellingu eru ekki rétta lausnin. Fara þarf að rót vandans, skoða kerfisbundið hverjir lentu í erfiðleikum vegna íbúðakaupa frá árinu 2004 og fella niður skuldir hjá þeim í stað þess að varpa slíkum kostnaði yfir á almenna launþega með skerðingu á lífeyrissjóðsgreiðslum til ókomins tíma. Ríkið gæti innheimt þessa upphæð með skattheimtu til allra landsmanna en ekki eingöngu sótt í vasa þeirra sem eru á vinnumarkaði.

Til að almenningur losni undan háum vöxtum og verðtryggingu þarf að taka upp nýjan gjaldmiðil. Vaxtaokrið er að sliga samfélagið, hvort heldur sem um er að ræða einstaklinga, heimili eða fyrirtæki. Á þessu þarf að taka sem allra fyrst.

Hækkun launa aðaláhersla kjarasamninga Kaupmáttur hefur snarminnkað síðustu misseri og launakjör skerst. Í komandi kjarasamningum þarf áherslan að vera á hækkun launa og fjölgun starfa. Félagsleg

Til að almenningur losni undan háum vöxtum og verðtryggingu þarf að taka upp nýjan gjaldmiðil. Vaxtaokrið er að sliga samfélagið hvort heldur sem um er að ræða einstaklinga, heimili eða fyrirtæki.

réttindi þeirra sem búa við lökustu kjörin þarf að laga og gera sérstakt átak til að koma þeirra málum í lag.

Samningar þurfa að verða til styttri tíma en hingað til og falla sjálfkrafa ef forsendur þeirra breyta.

Traust á yfirvöld í sögulegu lágmarki Stjórnvöld þurfa að grípa inn í til að hjálpa þeim sem verst eru staddir. Til að vinna traust meðal landsmanna á ný þurfa þau að bregðast við sem allra fyrst. Skapa þarf fleiri atvinnutækifæri og ýta sem flestum verkefnum úr vör sem fyrst er lúta að uppbyggingu samfélagsins.

Eitt af örfáum verkefnum sem farið hafa af stað í formi atvinnuuppbyggingar eru framkvæmdir hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Þar munu 630 ársverk verða til vegna breytinga á framleiðsluferli álversins.


Til að skapa landsmönnum sómasamlegt líf þarf að leggja höfuðáherslu á að skapa fleiri atvinnutækifæri. Þannig fær samfélagið auknar greiðslur í formi skatta og framkvæmda sem efla hag allra.

**SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64**

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:30 til 16:00
Sími: 5100 800
Fax: 5100 809

Veffang: www.hlif.is
Netfang: hlif@hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Kolbeinn Gunnarsson
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Umbrot: Betri Stofan ehf.
Ritstjórn og efnisöflun:
Sigríður Guðlaugsdóttir
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Desember-uppbót fyrir atvinnuleitendur

Ríkisstjórnin samþykkti 1. desember að atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins skuli fá eingreiðslu í desember. Full uppbót er 44.847 krónur og reiknast í hlutfalli við rétt einstaklings til atvinnuleysisbóta. Greiðslan verður þó aldrei lægri en 11.214 krónur. Ekki þarf að sækja sérstaklega um uppbótina, en Vinnumálastofnun mun greiða hana út í síðasta lagi 31. desember. Nánari upplýsingar er að finna á vef vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is.

Kosning á deiliskipulagi

Fundur trúnaðarráðs verkalýðsfélaga starfsmanna í álverinu í Straumsvík var haldinn miðvikudaginn 3. nóvember 2010. Eftirfarandi ályktun til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar var samþykkt.

„Trúnaðarráðið fer fram á að Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fari eftir lýðræðislegum leikreglum og virði undirskriftir 25% atkvæðisbærra Hafnfirðinga um kosningu á deiliskipulagi fyrir Álverið í Straumsvík“. Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur úrskurðað að

undirskriftirnar uppfylli samþykktar lýðræðisreglur bæjarstjórnar fyrir atkvæðisgreiðslunni, samanber eftirfarandi bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar:

“Á fundi bæjarráðs þann 22. október 2009, var lögð fram samantekt um að fjöldi

undirskrifa íbúa bæjarins varðandi kosningu um nýtt deiliskipulag fyrir álverið í Straumsvík uppfyllti skilyrði samþykta Hafnarfjarðabæjar varðandi íbúakosningar. Engar athugasemdir komu fram við þá niðurstöðu.“



Vinningshafinn Baldvin Gunnlaugur Baldvinsson er starfsmaður Toyota og hlaut fyrstu verðlaun í happdrætti Gallup könnunarinnar

Betra svarhlutfall í viðhorfskönnun Flóafélaganna

Takk fyrir þátttökuna

Vinningshafar úr öllum þremur stéttarfélagunum

Þegar dregið var úr happdrættinu sem fylgdi Gallup könnun Flóafélaganna kom í ljós að vinningshafar eru úr öllum félagunum. Baldvin Gunnlaugur Baldvinsson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, hlaut aðalvinninginn upp á 100 þúsund krónur. Önnur verðlaun, 50 þúsund krónur, hlaut Arnar Elí Steindórsson. Aðrir fengu vikuvöl í orlofshúsum félaganna. Þessir bráðheppnu félagsmenn geta leitað til félaga sinna eftir vinningum.

Vinningshafar

Baldvin Gunnlaugur Baldvinsson	2847	100000
Arnar Elí Steindórsson	2896	50000
Erla Sóley Heide Sævarsdóttir	105	Vikuvöl
Halldór Vilberg Ómarsson	2756	Vikuvöl
Rebekka Rós Reynisdóttir	2454	Vikuvöl
Jonas Kaminskás	4043	Vikuvöl
Iwona Taudul	5452	Vikuvöl

Efling-stéttarfélag, Hlíf og VSKF þakka félagsmönnum fyrir góða þátttöku.

Það er ánægjulegt að betra svarhlutfall félagsmanna var í þessari könnun en verið hefur hingað til.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands

Fundurinn fór fram 22. október síðastliðinn. Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður ályktana sem samþykktar voru um áherslumál sambandsins og aðildarfélaganna.

Efnahags- og kjaramál

Aðildarfélög ASÍ eru hvött til að sameinast um samræmda launastefnu og stuðla að almennum launahækkunum og jöfnun kjara. Samstarf þarf að verða milli yfirvalda, atvinnurekenda og stéttarféлага um að auka verðmætasköpun, kaupmátt og fjölga störfum. Bent er á að kaupmáttur hafi hrapað, atvinnuleysi sé meira en þekkt hafi á lýðræðistímum og skuldir hafi hækkað mikið. Þetta sé afleiðing óábyrgar hagstjórnar og áralangs óstöðugleika. Þess er krafist að íslensk heimili og fyrirtæki búi við efnahagslegan stöðugleika í takt við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Forsendur þess séu traustur og stöðugur gjaldmiðill, ábyrg hagstjórn og traust. Þá er gerð krafa um gagnsæi og siðvæðingu á öllum sviðum samfélagsins.

Nýsköpun

Lagt er til að renna styrkum stoðum undir nýsköpun með því að leggja áherslu á þau svið sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda, afurða til lands og sjávar og hreinnar orku og náttúru. Efla þurfi manna- og vinnuauð með fræðslu og skapandi hugsun að leiðarljósi. Virkja þurfi frumkvöðla og bjóða þeim hvetjandi vinnuáðstöðu. Mikilvægt sé að tengja nýsköpun við núverandi atvinnugreinar með nýjum aðferðum, verklagi og skipulagi á nýjum grunni. Bjóða þurfi orku til matvælaframleiðslu í nýsköpun á sama verði og til stóriðju og markaðssetja þurfi íslenskar afurðir sem umhverfisvænar til útflutnings. Stefna ASÍ er að beita sér fyrir auknu fjármagni til nýsköpunar, betra skattaumhverfis og bættrar vitundar um þá styrki sem í boði eru.

Menntamál

Helstu verkefni eru að breyta hugarfari

gagnvart iðn- og verknámi, kynna starfsnám og opna möguleika langtímaatvinnulausra til að hefja nám án þess að missa bætur. Semja þurfi við yfirvöld um jafnræði til náms, útvíkkun á námslánnum og samræmt gæðamat á námskeiðum.

Lögð er áhersla á að öflugt menntakerfi gegni lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs. Tryggja þurfi jafnræði allra landsmanna til almennrar menntunar og sí- eða endurmenntunar óháð kyni, aldri, fjárhag og búsetu. Huga þurfi sérstaklega að möguleikum ófaglærðra og þeirra sem minnsta menntun hafi.

Starfsmenntun fái meira vægi. Meiri áhersla verði á tungumálanám til að auka möguleika fólks á að fara milli landa til starfs og náms. Meta þurfi námskeið til eininga og launahækkana.

Þá þurfi að bæta möguleika fólks til að stunda nám með vinnu.

og viðhaldsverkefnum á vegum hins opinbera. Stjórnvöld og bankar þurfi að styðja við þau fyrirtæki sem fyrir eru til að auðvelda þeim að verða rekstrarhæf á ný. Leggja skuli áherslu á eflingu ferðamannaíðnaðarins, bæta samgöngur, sinna nýsköpun og frumkvöðlastarfi, auka fullvinnslu afurða og styðja við vaxtaspröta í grænmetisframleiðslu. Þá verði lögð áhersla á tímabundnar auknar veiðiheimildir, frumkvæði að breyttri nálgun þjóðfélagsmála með aukna víðsýni og hugarfarsbreytingu fyrir augum og stuðlað að aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu.

Til að endurreisa félagslega húsnæðiskerfið megi nýta það hálfbyggða húsnæði sem fyrir sé og skapa um leið fleiri störf. Skýrar reglur verði settar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda með áherslu á siðferði og ábyrgð. Gagnsæi og traust þarf að vera að leiðarljósi í endurrisn atvinnulífsins.



Það var margt um manninn á ársfundinum sem fór fram á Nordica hótelinu á Suðurlandsbraut

Atvinnumál

Koma þarf þeim verkefnum í gang sem fyrst sem þegar hafa verið ákveðin. Stuðla þurfi að mannaflsfrekum framkvæmdum

Réttindi á vinnumarkaði

Lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verði jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna. Það sé forsenda

sattar um það lífeyriskerfi sem byggt hefur verið upp.

Staðinn verði vörður um fæðingar- og foreldraorlofskerfið og gerð krafa um að þær skerðingar sem þegar hafa átt sér stað verði dregnar til baka og réttur einstæðra foreldra tryggður frekar.

Ríkisstjórnin standi við fyrirheit um löggjöf sem tryggi öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar.

Róttæk skref verði tekin í baráttunni gegn launamuni kynjanna og að barist verði gegn kynferðislegu ofbeldi og áreiti á vinnustöðum.

Réttindi og hagsmunir atvinnuleitenda verði tryggðir meðal annars með því að lengja bótatímabil atvinnuleysisbóta og kerfið gert sveigjanlegra. Efla þurfi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunárræði.

Það er krafa ASÍ að stéttafélögin taki í ríkara mæli að sér framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða.

Réttindi og vernd launafólks í starfi verði eflid. Skýrari reglur verði settar um réttindi vaktavinnufólks um leið og réttindi þess verði samræmd og bætt.

Staðinn verði vörður um réttindi launafólks til þess að vera í stéttarfélagi sem við á faglega og félagslega.

Húsnæðismál og greiðsluvandi heimilanna

Öllum verði tryggt mannsæmandi og öruggt íbúðarhúsnæði. Endurvekja þurfi verkamannabústaðakerfið og raunhæft kaupleigukerfi. Vaxta- og húsaleigubóta-kerfið þurfi að standa vörð um og hvetja til húsnæðissparnaðar. Tryggja þurfi sveigjanleika í greiðslubyrði og heimilt verði að endurfjármagna eldri lán. Leigumarkað þurfi að efla og endurskoða hlutverk íbúðalánasjóðs í þá veru að fara aftur í það félagshlutverk sem hann gegndi áður.

Tafarlaust verði gripið til aðgerða til að taka á skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Draga þurfi úr vægi verðtryggingar og tryggja óverðtryggð lán á ásættanlegum kjörum. Koma þurfi til móts við lántakendur vegna mikilla hækkana á lánnum og kostnaður af lækun verði borinn af lánveitendum og mögulega ríkissjóði.

Ekki komi til greina að færa slíkan kostnað á lífeyrisþega á almennum vinnumarkaði. Sérstaklega þurfi að koma til móts við þá sem áttu ekki önnur úrræði en skuldsetningu umfram getu vegna húsnæðiskaupa á árunum 2004-2008. Þá þurfi að tryggja jafnræði við framkvæmd úrræða vegna greiðsluvanda.

Við eignamissi vegna uppboðs eða gjaldprotts verði að tryggja viðkvæmstu hóp-

á þjónustu við barnafólk. Tannlækningar barna og ungmenna verði hluti af almennri heilbrigðisþjónustu og kostnaðarþátttaka í samræmi við það.

Góð heilbrigðisþjónusta verði óháð búsetu og hámark verði á kostnaðarþátttöku. Endurskoða þurfi áform um niðurskurð á landsbyggðinni og öll sveitarfélög þurfi að hafa burði til að veita fötluðum nauðsynlega og lögbundna þjónustu.



Stund milli stríða. Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, ásamt Valdísi Önnu Steingrímsdóttur, verkefnisstjóri hjá Starfsafli.

unum sanngjarna leigu. Ekki verði hægt að ganga að fólki vegna tapaðra veðkrafna endalaust og finna verði leið til að lagfæra stöðu ábyrgðarmanna á lánnum til húsnæðiskaupa. Siðferði og ábyrgð lánveitenda þurfi að auka.



Velferðarmál

Barnafjölskyldum og þeim sem standa höllum fæti þarf að hlífa eins og kostur er. Tryggt verði að öll börn fái tækifæri og þjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu fjölskyldna. Barnabætur verði ekki skertar og dregið verði úr tekjutengingum þeirra.

Lágmarka þurfi gjaldtöku sveitarfélaganna

Allir búi við mannsæmandi líf skjör og hafi tækifæri til samfélagsþátttöku.

Tryggja þurfi að bóta- og styrkjakerfi ríkis- og sveitarfélaga séu samræmd og byggja á raunhæfum framfærslukostnaðir. Bætur hækki í samræmi við launapróun.

Dregið verði úr tekjutengingum elli- og örorkubóta og samspil almannatrygginga- og lífeyrissjóðsgreiðslna bætt þannig að komið verði í veg fyrir víxlverkanir milli kerfa.

Kvennafrídagurinn

ASÍ hefur frá upphafi barist fyrir jöfnum rétti kynjanna og sömu launum fyrir jafn verðmæt störf. Nú eru blikur á lofti og mikilvægum árangri af áratuga baráttu fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði alvarlega ógnað.

Yfirskrift kvennafrídagins að þessu sinni var: Konur gegn kynferðisofbeldi. Ársfundur Alpýðusambands Íslands fordæmir kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum og í samfélaginu öllu og hvetur til markvissra aðgerða gegn því.

Starfsfólk sem vinnur hjá ríki og ríkisstofnunum.

FLÓAMENNT

Þróunar og símenntunarsjóður Eflingar, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og ríkisins, endurhæfingarmiðstöðva, dvalar- og hjúkrunarheimila.

Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja

Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn Hlífar, Eflingar-stéttarfélags og VSFK við að sækja sér menntun sem í boði er á almennum fræðslumarkaði.

1. Félagismaður sem unnið hefur í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt félagsgjöld á þeim tíma, á rétt á stuðningi til símenntunar/starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.
2. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkuppþæð.
3. Styrkir eru greiddir eftir að námi/námskeiði er lokið. Fylla þarf út umsóknareyðublað, skila frumriti reiknings og staðfestingu um að námi sé lokið til Hlífar.
4. Áunnin réttindi félagsmanna haldast óbreytt þrátt fyrir flutning milli starfssviða Flóabandalagsins. Einnig eru samningar um réttindaflutning milli allra sjóða innan Starfsgreinasambandsins og V.R.
5. Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.
6. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi og atvinnulausir félagsmenn geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. ef þeir velja að greiða félagsgjöld á tímabilinu.
7. Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.

Ekki mega líða meira en 12 mánuðir frá því að námi lýkur þar til að sótt er um endurgreiðslu.

Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er út fyrsta virka dag í mánuði.

Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

Upphæð endurgreiðslustyrkja er að hámarki kr. 60.000 á ári til einstaklings, nema greiðsla vegna aukinna ökuréttinda, sem er kr. 100.000.

- * Almennt nám er styrkt að hámarki sem nemur 75% af reikningi.
- * Ef nám telst starfstengt er greitt allt að 90%.
- * Íslenskunám fyrir útlendinga er styrkt 90%.
- * Tómstundanám er styrkt að hámarki 18.000 og aldrei meira en 50% af reikningi.
- * Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðuleika að stríða geta sótt um styrk að hámarki sem nemur 75% af reikningi vegna kaupa á hjálpartækjum til stuðnings við lestur eða skrift.
- * Veittir eru styrkir til náms og kynnisferða að hámarki 30.000 kr. fyrst eftir þriggja ára samfellda félagsaðild síðan á þriggja ára fresti.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá Hlíf, Reykjavíkurvegi 64, sími 5100 800 - www.hlif.is



Í stað barra verða framleiddir boltar, eða sívalar stangir, sem eru verðmætari afurð. Önnur álver Rio Tinto í Frakklandi og á Bretlandi munu taka við hluta barraframleiðslunnar sem Ísal hefur sinnt til þessa



Námskeið á vorönn 2011

TUNGUMÁL

• ENSKUSKÓLINN

• ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Islandzki dla audzoziemców

Icelandic as a second language

• HANDVERK - HANNYRÐIR OG LISTIR

• HEILSA - ÚTLIT OG ÚTLIT

• TÖLVUR OG REKSTUR

• TÓNLIST

• NÁMSAÐSTOÐ

• MATUR OG NÆRING

• FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

• DAGFORELDNÁMSKEIÐ - Réttindanámskeið

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860.

Ný námskrá kemur út um miðjan janúar og verður


aðgengileg á netinu: www.nhms.is

Breytt framleiðsluferli skapar 150 störf

Í kjölfar áherslubreytinga á framleiðsluferli álversins í Straumsvík munu skapast 150 störf þegar framleiðsla á álboltum tekur yfir framleiðslu á barri. Álboltarnir eru verðmætari afurð en barr. Breytingin kostar um 16 milljarða króna og tekur um tvö ár. Þá verður ýmis búnaður uppfærður í álverinu og mun heildarkostnaður breytinganna verða 40,6 milljarðar króna. Mestur þungi verður á framkvæmdum vegna breytinganna á næsta ári. Nýverið var gengið frá nýjum raforkusamningi við Landsvirkjun sem nemur viðbótarorku upp á 75

megavött auk þeirrar orku sem álverið kaupir nú þegar, að því er segir í tilkynningu frá Rio Tinto Alcan. Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi segir aukningu starfa kærkomna viðbót fyrir íslenskt efnahagslíf; "Verkefnið styrkir jafnframt stöðu okkar sem einn af stærstu útflytjendum á Íslandi, sem kemur jafnt ISAL sem og íslensku efnahagslífi til góða."

Gert er ráð fyrir að stigvaxandi framleiðsluaukning hefjist í apríl árið 2012 og að fullum afköstum verði náð í júlí 2014.



Gert er ráð fyrir að boltaframleiðslan hefjist árið 2012 og taki smám saman yfir framleiðslu barra, sem sjást á þessari mynd. Fyrir árslok 2014 verði barraframleiðslu alfarið hætt.

Vistvænn akstur sparar milljónir

Með því að þjálfa starfsfólk í vistvænum akstri hefur Hópbílum og Hagvögnum tekist að draga úr olíunotkun sem nemur milljónum króna á ársgrundvelli. Fyrirtækin eru með 80 rútur og sjá meðal annars um strætisvagnaakstur og akstursþjónustu af ýmsu tagi fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Nýverið lauk átaki þar sem allir starfsmenn fengu þjálfun í vistvænum akstri. Átakið er hluti af reglulegri þjálfun starfsmanna sem hófst árið 2002 þegar fyrirtækin innleiddu umhverfisstjórnunarkerfi eftir alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 14001. Það var síðan vottað árið 2004.

Pálmar Sigurðsson, skrifstofu- og starfsmannastjóri, segir að síðast hafi þjálfun starfsmanna skilað miklum árangri þegar tókst að ná notkun á díselolíu niður um 6%. Á ársgrundvelli myndi það þýða tæpar 20 milljónir í sparnað á verðlagi dagsins í dag sé miðað við 1,7 milljón lítra ársnotkun á olíu.

„Á þeim tíma settum við okkur raunsæ markmið og vonuðumst til að ná eyðslunni niður um 3-5% og því kom árangurinn okkur virkilega á óvart,” segir Pálmar. Regluleg fræðsla og þjálfun sé þó nauðsynleg til að árangurinn haldi sér. Ekki sé endalaust hægt að draga úr olíunotkun en hægt sé

að halda við árangri enda muni um hvert prósentustig.

„Starfsmenn hafa mjög gaman af þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum sem nýttast jafnt í starfi sem daglegu lífi. Svo brýtur þetta um hversdagleikann og þannig verða þeir virkari og það hefur jákvæð áhrif.”

Valgerður Friðþjófsdóttir, trúnaðarmaður starfsmanna í Hagvögnum, tekur undir þetta og segir starfsmenn hafa tekið framtakinu vel vel og það hafi vakið marga til umhugsunar. „Maður fer að beita sínum eigin bíl öðruvísi og gera eins og manni er kennt.”

Jákvætt hugarfar virkar

Frá árinu 2007 hafa fyrirtækin notað bíó-dísilblöndu út í olíuna sem leiðir til minni mengunar og smyr vélina betur en venjuleg olía. Fyrirtækið hefur prófað ýmsar leiðir til að draga úr eldsneytisnotkun, en sú leið



Hópbílar sjá meðal annars um skólaakstur og akstursþjónustu fatlaðra í Hafnarþrói auk þess að sjá um akstur starfsmanna álversins í Straumsvík. Hagvagnar sjá um strætisvagnleiðir fyrir Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog. Hjá fyrirtækjunum starfa nú 140 manns, þar af 100 bílstjórar.

sem gefur bestan árangur er fræðsla og þjálfun starfsmanna.

„Jákvætt hugarfar starfsmanna er það eina sem virkar og að þeir séu meðvitaðir um hvað þetta þýðir. Þeir eru ekki bara að spara olíu, heldur líka að menga minna á sama tíma og þeir skapa sér afslappaðra og öruggara starfsumhverfi,” segir Pálmar. Sumir missi sig í of háan umferðarhraða



Pálmar Sigurðsson er skrifstofu- og starfsmannastjóri Hópbíla.

sem skili nánast engu, því á næstu ljósum hitti þeir gjarnan sömu öikumenn og þeir óku framúr skömmu áður. „Menn finna þetta og ná fljótlega að tileinka sér vist-akstur enda er vilji allt sem þarf. Þeir þurfa ekki að vera uppspenntir við að halda áætlun þó þeir séu ekki í hraðakstri.“

Valgerður segir starfsmenn ósjálfrátt fara hraðar til að halda tímaáætlun, en það þurfi auðvitað ekki. Ef færðin sé í lagi komist flestir á endastöð á réttum tíma.

Góðir bílstjórar gerðir betri

Hugmyndafræðin á bakvið þjálfunina er frá Finnlandi og gengur út á að gera góða bílstjóra að betri bílstjórum. Þjálfunin gengur út á að lesa umferðina vel og temja sér aksturslag samfara því. Kennslan hefur farið þannig fram að tölvukubb er komið fyrir í bílnum. Hver og einn ekur síðan ákveðna vegalengd með kennara sem fylgist með aksturslagi umrædda vegalengd. Síðan er keyrður annar hringur undir leiðsögn



kennarans. Tími og eyðsla er mæld og borinn saman og upplýsingarnar síðan prentaðar út og farið yfir þær með viðkomandi aðila. Þessi aðferð er einnig í boði í dag með hjálp akstursherna sem hafa gefið góða raun. Kennsla í aksturshernunum fór fram í húsnæði Hlífar á Reykjavíkurvegi.

„Þegar við fórum fyrst af stað með þessi námskeið kom í ljós að 99% af öikumönnum okkar bættu aksturslagið án hraðaksturs af nokkru tagi og héldu samt áætlun,“ segir Pálmar.

Valgerður segir að starfsmönnum hafi þótt mjög gaman á námskeiðinu, sérstaklega í tölvuherminum. „Námskeiðið mætti þó vera oftar, kannski einu sinni á ári til að ýta við okkur bílstjórunum.“

Það kemur síðan í ljós á næstu vikum hver árangurinn verður af nýyfistöðnu átaki, en fyrirtækin eru með rafræna vöktun á eyðslutölum allra bíla. „Það er mikið í húfi því hér er bæði um að ræða fjárhagslegan ávinning og öruggara starfsumhverfi,“ segir Pálmar að lokum.

Hækkun launa og fjárhagsáhyggjur efstar á baugi


Flestir vilja hærri laun og hækkun lægstu launa á meðan helmingur hefur miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni samkvæmt nýrri könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Flóabandalagið. Langflestir þátttakenda hafa dregið úr útgjöldum varðandi neyslu á borð við ferðalög, skemmtanir eða tómstundir, en félagsmenn Hlífar telja starfsöryggi sitt meira en félagsmenn í Eflingu og VSK.

Flestir vilja hærri laun

Í könnuninni vógu launamál þyngst þegar kom að áherslum sem félagsmenn telja mikilvægastar í kjarasamningum við atvinnurekendur og skoruðu þau 8,7 á mikilvægisskalanum núll til tíu. Atvinnuöryggi var þátttakendum könnunarinnar næstmikilvægast, eða 5,5, starfsumhverfi 2,9 en félagsmenn leggja minnsta áherslu á styttingu vinnutíma.

Atvinnuöryggi skiptir fólk meira máli nú en í sambærilegri könnun árið 2007. Þá var atvinnuöryggi í þriðja sæti en er nú í öðru. Stytting vinnutíma var þá í öðru sæti en er nú neðst á lista þessara fjögurra þátta.

Niðurstöðurnar í þessum hluta könnunarinnar eru í samræmi við aðra þætti er varða laun. Athyglisvert er að rúmlega helmingur þátttakenda er frekar, eða mjög ósáttur við laun sín. Þá kemur í ljós að heildarlaun kvenna í 100% starfshlutfalli eru 26%



Áhersla á hækkun lægstu launa í komandi kjarasamningum

lægri en hjá körlum. Meðalheildargreiðslur karla voru tæpar 336 þúsund krónur en hjá konum rúmar 249 þúsund krónur á mánuði.

92% vilja hækkun lægstu launa

Rúmlega 92% aðspurðra eru sammála því að sérstök áhersla verði lögð á að hækka lægstu laun. Einungis þrjú prósent eru frekar eða mjög ósammála, en tæp fimm prósent taka ekki afstöðu. Þetta er svipað hlutfall og í könnunum síðustu ára.

Athygli vekur að í aldurshópnum 35-44 ára telja einungis eitt prósent svarenda að hækka eigi lægstu laun.

Ríflega 80 prósent þeirra sem voru sammála hækkun lægstu launa fannst það þess virði þó svo að það þýddi minni hækkun launa almennt, en 8,5% vildu ekki fórn hluta af almennri hækkun til að hækka lægstu laun.

Þá skipti starfsumhverfi aldurshópin 16-24 ára meira máli en aðra aldurshópa og stytting vinnutíma skipti sama hóp minna máli en fólk á öðrum aldri.

Skerðing launa eða starfskjara

Launa- eða starfskjör hafa verið skert hjá þriðjungi þátttakenda á síðustu 12 mánuðum, en á tímabilinu september 2008 til september 2009 fjölgaði þeim sem urðu fyrir skertum launa- eða starfskjörum úr 20% í 40%. Hjá félagsmönnum Hlífar og Eflingar er prósentan nú um 32% en hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur er hún tæp 40%.


Skerðing á yfirvinnubanni kemur við 42% félagsmanna, en 25% hafa orðið fyrir skertu

starfshlutfalli og tæplega fjórðungur hefur lækkað í launum.

Atvinnuleysi tæplega 11%

Tæplega 11% svarenda í könnuninni eru atvinnulausir og af þeim hafa 64% verið án atvinnu í meira en 12 mánuði.

Einungis 11% atvinnulausra höfðu fengið tilboð um vinnu í ágúst og september.



Skerðing launa- eða starfskjara

Fimmtungur af heildarfjölda þátttakenda er að leita sér að vinnu, flestir á aldrinum 25-34 ára, eða um þriðjungur og 84% eru að leita að fullu starfi.

Flestir leita einungis eftir starfi hérlendis, eða þrjú fjórðu, og aðeins rúmt eitt prósent leitar eingöngu eftir starfi í útlöndum. Um 65% eru ánægðir með þjónustu Vinnu- málstofnunar. Helmingur þátttakenda telur að þrjú ár séu hæfilegur hámarkstími atvinnuleysisbóta, þar af 58% félagsmanna Hlífar. Um 16% svarenda er í námi, ýmist fullu eða að hluta. Þá telja 63% ólíklegt að þeir fari í nám á næstu 12 mánuðum.



Félagsmenn Hlífar telja starfsöryggi sitt meira en annarra

Einungis 11 % telja starfsöryggi sitt lítið, en 68% telja það mikið. Hjá félagsmönnum Hlífar er prósentan 78% en hjá Eflingu og VSFK 66%. Innan við fimmtungur telur að starfsöryggi sé meira en fyrir ári síðan, sama tala gildir um þá sem telja það minna, en 60% segjast hvorki telja starfsöryggi meira né minna en fyrir ári síðan. Hér er hlutur félagsmanna Hlífar einnig meiri en hinna félaganna, eða 64%.

Um 56% finnst álag í vinnu hafa aukist á síðustu mánuðum en 38% finnst það hafa haldist óbreytt. Fleiri félagsmönnum Hlífar finnst álag hafa aukist en félagsmönnum Eflingar og VSFK.

Rúmlega helmingur með miklar fjárhagsáhyggjur

Um 52% aðspurðra sögðust hafa miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni. Aðeins 11% sögðust ekki hafa neinar áhyggjur en 18% litlar. Á aldrinum 25-34 ára höfðu fleiri miklar áhyggjur af fjárhag en í öðrum aldurshópum, eða 61% en í aldurshópnum 55 ára og eldri höfðu 43% miklar áhyggjur af fjárhag. Flestir segja lág laun vera ástæðu fyrir fjárhagsáhyggjum en þar á eftir koma þættir eins og verðbólga, hækkun lána, minni vinna og atvinnuóöryggi, skuldir, atvinnuleysi, lækkun launa, missir húsnæðis og þjóf félagsástandið.

Fleiri karlmenn en konur telja lág laun ástæðu þess að þeir hafa áhyggjur af fjárhag, eða 40% til móts við 28% kvenna. Munur var ekki marktækur á kynjunum

þegar kom að öðrum þáttum, nema hvað varðar skuldir, þar sem helmingi fleiri konur töldu skuldir ástæður fyrir áhyggjum af fjárhagsstöðu, eða 15%.

Fleiri félagsmenn Hlífar hafa tekið út séreignasparnað

Fimmtungur segist hafa leitað aðstoðar vegna fjárhagsstöðu sinnar, langflestir til banka eða sparisjóða eða vina og ættingja. Færri félagmenn Hlífar höfðu leitað sér aðstoðar en félagsmenn hjá Eflingu eða VSFK. Hins vegar höfðu hlutfallslega fleiri innan raða Hlífar tekið út séreignasparnað sinn eftir að lögum var breytt, eða rétt tæpur helmingur til móts við um 40% félagsmanna hinna félaganna.

Draga úr útgjöldum vegna ferðalaga, skemmtana eða tómstunda

Langflestir þátttakenda hafa dregið úr útgjöldum varðandi neyslu, eða 87%. Tæplega 68% úr útgjöldum til ferðalaga, 64% vegna tómstunda, skemmtana og fjölmíðla og dregið hefur úr útgjöldum vegna húsgagna, tækja og farartækja hjá 63%

þátttakenda. Þá sparar rúmlega helmingur við sig í matarinnkaupum og kaupum á eldsneyti.

Athygli vekur að fjórðungur hefur dregið úr útgjöldum til heilbrigðisþjónustu á síðustu 12 mánuðum og hefur sá hópur stækkað um rúm 6% á einu ári, eða farið úr 19% í 25%.


Vinnuvikan 45,4 stundir

Rúmlega 80% þátttakenda eru í fullu starfi í sínu aðalstarfi þar sem tæplega tveir þriðju vinna dagvinnu. 13 % eru í fleiri en einu starfi. Meðalvinnuvikan telur 42,5 stundir, en 45,4 tímar hjá þeim sem eru í fullri vinnu í sínu aðalstarfi.

Flestir ánægðir með stéttarfélagin

Rúmlega tveir þriðju svarenda í könnuninni segjast mjög, eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá hjá sínu félagi.

Í könnuninni svöruðu 1286 félagsmenn Flóabandalagsins spurningum í síma eða á netinu. 53% voru karlar, en 47% konur.



Traust til atvinnurekenda er mest hjá félagsmönnum Hlífar

Karlar velkomnir

“Karlar eru að sjálfsgögðu velkomnir líka og hér er fullt af einhleypum konum,” segir Andrea Norðfjörð eigandi Kaffi Aroma í Hafnarfirði en fimmtudagskvöld eru helguð þrjónaskap á kaffihúsinu. Þeir sem ekki þrjóna eru auðvitað velkomnir líka að sögn Andreu.

Tinna Ruth Njálisdóttir leiðbeinir en hún

rekur þrjónaverslunina Skemmuna í Firði.

“Það munar öllu að hafa svona góðan leiðbeinanda,” segir Andrea og bætir við að vinkonur Tinnu kenni til dæmis hvernig eigi að klippa úr lopapeysum fyrir rennilásnum og ganga frá.

“Þetta var eitthvað sem vantaði. Fólk var mikið að spyrja út í þetta og sérstaklega þær sem eru að byrja að þrjóna og vantar leiðsögn,” segir Andrea.

Tinna segir tilvalið að konur mæti og þrjóni jólagjafirnar.



Þrjónakvöldin byrjuðu í haust og hefur fjöldi þeirra sem mæta verið að aukast. Andrea segir konurnar mjög ánægðar með framtakið og sumar þrjóni alveg frá kl. 20:00 - 23:00.

“Það er óvenjumikill áhugi á þrjónamennsku,” segir Tinna “Hér áður voru þetta meira eldri konur, en nú eru þetta konur á öllum aldri, og meira að segja einstaka karlmaður.”

Eiga lántakendur að bera allan þungann?

Hækkun vísitölu neysluverðs frá því í desember 2007 er umtalsverð og hefur bein áhrif á hækkun verðtryggðra lána og vaxta þeirra. Inn í vísitölu eru reiknaðar ákveðnar neysluvörur og þjónusta án þess að tekið hafi verið tillit til breyttra neysluvenja almennings eftir hrunið. Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur krefst þess að rannsakað verði hvaða þættir hafi áhrif á hækkun vísitölu í grein sem birtist í Fréttablaðinu nýverið.

Haraldur spyr hvort innfluttar vörur séu enn í vísitöluþróuninni en gera megi ráð fyrir að dregið hafi úr neyslu á þeim vegna verðhækkana. Hafi þetta ekki verið leiðrétt sé útreikningur vísitölu ekki réttur.

Frá desember 2007 til september 2010 hafi vísitala neysluverðs hækkað um 28,7% og þar sem verðtryggð lán tengist þessari vísitölu hafi þau hækkað sem þessu nemi. Helstu áhrifavaldar á hækkun vísitölu frá árinu 2008 eru að mati Haralds íslenskar fjármálastofnanir og aðrir sem tóku stöðu

gegn krónunni, gengisfall krónunnar og hækkun innfluttra neysluvara. Þá hafi verið gripið til víðtækra hækkana á gjaldskrár og skatti sem hafi leitt til hækkunar á vöru og þjónustu innlendra framleiðenda. Þetta hafi bein áhrif á hækkun vísitölu.



„Með vísan til framanritaðs er lagt til að gerð verði rannsókn á því hvað framangreind atriði hafa haft mikil áhrif á hækkun neysluverðsvísitölnunnar frá því í desember 2007. Jafnframt er spurt, hvort eðlilegt sé að lántakendur eigi að bera allan kostnað af því, að íslenskir aðilar tóku stöðu gegn

krónunni og eiga lántakendur einnig að taka á sig allan herkostnaðinn, þ.e. áhrif gjaldskrár- og skattahækkana sem grípa hefur þurft til vegna efnahagshrunsins?”

Í annarri grein sem skrifuð var af Haraldi í maí kemur fram að með því að leiðrétta vísitölu neysluverðs taki bæði skuldarar

og lánveitendur á sig skaðann af bankahruninu. Verði gengistryggðu lánum einnig breytt í verðtryggð miðað við gengi á lántökudegi, muni fjöldi heimila og fyrirtækja verða forðað frá gjaldþroti. Þannig muni hjól atvinnulífsins fara að snúast að nýju.



Bankarnir í störukeppni

Bankarnir eiga stóran þátt í því að þau fasteignaviðskipti sem eiga sér stað í dag eru nær eingöngu skipti með milligjöf. Þeir sem hafa fjármuni til að kaupa húsnæði bíða eftir óhjákvæmilegri lækkun, en bankarnir gefa ekki nægilega mikið eftir af skuldum og þess vegna er allt frosið.

Þeir eru í raun í störukeppni við heimilin og fyrirtækin í landinu. Þetta kemur fram í grein Ólafs Garðarsonar á vef Hagsmunasamtaka heimilanna.

Ólafur segir að af hálfu bankanna eigi sér stað markaðsmisnotkun þegar þeir selji

eignir án þess að þinglýsa kaupsamningum. Á sama tíma og þessi viðskipti ná ekki inn í fasteignavísitölu, reyni greiningardeildir bankanna að tala fasteignaverð upp

Fyrirtækin geti snúið sig undan skuldavandanum. Virði eignanna sé lítið en framboð á leiguhúsnæði fyrir fyrirtæki mikið. Bankarnir geti hirt eignir fyrirtækja og verð þeirra verði lágt á meðan þær eru í eigu bankanna. Fari bankarnir í harðar aðgerðir geta fyrirtæki hætt að greiða skatta sem eru forgangskröfur þegar eignir eru seldar nauðungarsölu. Lánveitendur geta því auðveldlega tapað meiru með því að sýna fyrirtækjum mikla hörku.

Hér á landi sárvantar hlutlausu og áreiðanlega stofnun sem gefi réttar upplýsingar um stöðu mála. Greiningardeildir fjármálastofnana séu dulbúinn auglýsingaráróður þeim í hag. "Hafi hrúnið kennt okkur eitthvað að þá er það að við megum ekki hunsu hagsmunaárekstra þegar kemur að áreiðanleika upplýsinga," segir Ólafur að lokum í grein sinni.

Tunnumótmælin vöktu ríkisstjórnina

Tónlistarmaðurinn Hjörtur Howser hefur fengið að kenna á kreppunni á eigin skinni, því fyrir skemmstu missti hann húsið vegna stökkbreyttra skulda. Hann var nokkuð áberandi í tunnumótmælunum í haust sem haldin voru undir stefnuræðu forsætisráðherra fyrir utan Alþingishúsið. Þá hljóp hann undir bagga með skipuleggjendum þegar átta þúsund manns mótmæltu og kröfðust aðgerða stjórnvalda.

"Þetta þjappaði fólki saman og kannski eru mótmælin ólík búsáaldabyltingunni að því leyti að þarna sáum við andlit almennings. Þetta var fólk á öllum aldri, úr öllum stéttum og af ólíkum uppruna sem



mótmælti og það sem gerðist var að ríkisstjórnin vaknaði af Þyrnirósarsvefninum."

Tunnumótmælin fóru fram á ýmsum stöðum í haust, meðal annars við Landsbankann, Stjórnarráðið og Nordica Hilton hótelið þegar ársfundur ASÍ fór þar fram.

"Stjórnmöld gera sér ekki grein fyrir því hversu alvarleg staðan er. Þúsundir hætta að greiða af lánum og fara jafnvel úr landi ef ekkert verður að gert. Þjóðfélagið getur ekki virkað án þessa hóps," segir Hjörtur.

Hann telur að fjölmiðlar og ráðamenn eigi stóran þátt í því þeim neikvæðu við-

horfum sem lánþegar mæta. Neikvætt orðaval í fjölmiðlum hafi haft mjög slæm áhrif; "Allt í einu eru lánþegar orðnir skuldara og óreiðufólk sem er ábyrgt fyrir því hvernig komið er fyrir þjóðfélaginu. Þarna er blæbrigðamunur á orðavali sem hefur mikil áhrif. Af hverju heitir þetta ekki umboðsmaður lánþega en ekki skuldara?"

Hjörtur segist ekki vera atvinnulaus, heldur atvinnuleitandi. Ekki skuldari, heldur lánþegi. En hann telur mikilvægt að menn skorist ekki undan ábyrgð við þessar aðstæður. "Við erum bara ein þjóð Íslendingar. Þetta hrún bitnar á okkur öllum, það er enginn stikkfrí."

Stóraukin ásókn í styrki Starfsafls fræðslusjóðs

Eins og félagsmönnum Verkalýðsfélagsins Hlífar er eflaust kunnugt geta félagsmenn á almennum vinnumarkaði sótt sér fræðslustyrki í sameiginlegan fræðslusjóðs Flóabandalagsins og SA. Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar kjarasamninga árið 2000 og tryggði þar með rétt almennra starfsmanna til fræðslustyrkja. Árið 2009 var að mörgu leyti sérstakt ár í stuttri sögu fræðslusjóðsins. Í ársbyrjun var atvinnuleysi af áður óþektri stærðargráðu á friðartímum og hélst það út allt árið. Von aðstandenda Starfsafls var að félagsmenn og fyrirtæki myndu nýta sér þjónustu Starfsafls vel á þessum erfiðleikatímum og gekk það eftir. Árið 2009 var stærsta styrkjaár í sögu sjóðsins. Á sama tíma og fjöldi styrkja og styrkupphæðir náðu áður óþekktum hæðum þá drógust tekjur sjóðsins saman. Tekjurnar eru í meginatriðum af starfsmenntagjaldi og vaxtatekjur af fjármunum. Báðir þessir tekjustofnar drógust nokkuð saman. Starfsmenntagjald af launatekjum dróst saman um 10% vegna minnkandi atvinnu, bæði vegna atvinnuleysis og minni yfirvinnu. Vaxtatekjur drógust saman um 15% vegna minnkandi vaxtastigs. Í fyrsta skipti í sögu sjóðsins þurfti að ganga á höfuðstól hans en við því var búist.

Sjóðurinn stóð vel þrátt fyrir bankahrunið haustið 2008 og náði að verja eigin sínar að öllu leyti.



Einstaklingsstyrkir árið 2009 voru 2.175 og fjölgaði um 48% frá árinu áður. Flestir þessarar styrkja eða um 70% fóru til félagsmanna Eflingar enda stærsta félagið sem á aðild að sjóðnum. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 15% frá árinu 2008. Heildarupphæð útgreiddra fyrirtækja- og verkefnastyrkja hækkaði um 35%. Ástæða er til að fagna þessari þróun því það bendir til að fjármagn Starfsafls nýtist fleiri fyrirtækjum og starfsmönnum. Starfsmenn og stjórn Starfsafls hafa lagt sérstaka áherslu á að kynna fyrirtækjastyrki með margs konar aðgerðum og verður áfram lögð áhersla á þennan þátt.

Fræðslustjóri að láni er heiti verkefnis sem Starfsafl hefur boðið fyrirtækjum síðan í lok árs 2008 í samvinnu við fræðslusjóði Landsmenntar og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Fræðslustjórinn er venjulega sjálfstæður mannaúdráðgjafi sem fer í boði fræðslusjóðanna inn í fyrirtæki í tiltekinn tíma og aðstoðar þau við greiningu á þörfum fyrir fræðslu, lyftir upp fræðslu sem fyrir er og bendir á leiðir til að auka fræðslu í framhaldi af greiningunni. Þessi símenntunaráætlun er grunnur að fræðslustarfi viðkomandi fyrirtækis í lengri eða skemmri tíma. Verkefnið hefur mælst vel fyrir meðal fyrirtækja og starfsmanna þeirra og hefur stóraukið áhuga stjórenda og starfsmanna á skipulagðri símenntun innan fyrirtækjanna.

Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér fræðslustyrki til hvers kyns náms fá allar nánari upplýsingar á skrifstofu Hlífar eða á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Góð veisla lifir lengi!

Allar nánari upplýsingar veita matreiðslumenn okkar frá kl. 12:00 - 17:00 alla daga nema sunnudaga í síma 555 1810 eða á heimasíðu okkar www.veislulist.is

Sendið okkur fyrirspurn á skutan@skutan.is

Veislulist

Veislulist og Skútan, Hólshrauni 3 - Hafnarfirði - Sími 555 1810



Gúttó er talið vera elsta samkomuhús landsins og eitt besta dæmið um íslenskt landsbyggðarleikhús á fyrri hluta síðustu aldar.

Endurbætur á Gúttó

Miklar skemmdir höfðu orðið á Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði þegar ráðist var í endurbætur á því í sumar. Fúi var kominn í húsið og ekki mátti bíða með lagfæringar mikið lengur. Þetta segir Sturla Haraldsson, byggingarmeistari, sem stjórnaði verk-efninu.



Stofnfundur Hlífar var haldinn í Gúttó snemma árs 1907 og gengu 40 manns í félagið. Myndin er frá 40 ára afmæli Hlífar í Gúttó árið 1947.

Endurbæturnar stóðu yfir í fjóra mánuði og lauk í október. Heildarkostnaður við verkeið er um 13 milljónir króna.

Húsið var síðast gert upp árið 1992 af stjórnarmanni Góðtemplarahússins, Jóni Kr. Jóhannessyni í samvinnu við innan-hússarkitektinn Lovísu Christiansen. Fyrir nokkrum árum var síðan Blöndalshúsið svokallaða, sem var sambyggt Gúttó, endurgert. Þá var viðbygging rífin frá sem tengdi húsin, en sárið sem myndaðist á Gúttó var aldrei lagað.

Í hvasviðrum og miklum rigningum lak inn í Gúttó á þessum stað og bar húsið þess greinileg merki," segir Sturla sem fékk að sögn til liðs við sig fjóra afburðasmiði og einn verkamann.

Verkefnið var unnið í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins og var atvinnuleysis-átaksverkefni þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður og Hafnarfjarðarbær greiddu laun manna, en stjórn Góðtemplarahússins aflaði styrkja til að standa straum



Sturla Haraldsson, byggingarmeistari, stýrði verkinu

af efniskostnaði. Hlíf lagði sitt af mörkum enda er saga félagsins og Gúttó samtvinnuð að hluta um áratuga skeið. Stofnfundur Hlífar var haldinn í Gúttó snemma árs 1907 og meginfyrirmynd um starfshætti félagsins var sótt til góðtemplarareglunnar. Flestir félagsfundir Hlífar voru síðan haldnir í húsinu þar til Hlíf keypti húsnæðið að Reykjavíkurvegi árið 1982.



Þrjú hundruð manns komust fyrir í Gúttó þegar það var byggt árið 1886, en þá bjuggu um 400 manns í Hafnarfirði.



Almennur vinnumarkaður

Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja Starfsafls 1.1. 2009

Félagsmaður í Hlíf sem unnið hefur samfellt síðustu 6 mánuði og greitt félagsgjöld á þeim tíma á rétt á stuðningi til símenntunar og/eða starfsnáms. Endurgreitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkupphæð.

Fylla þarf út umsóknareyðublað og skila frumriti reiknings á skrifstofu Hlífar. Umsókn þarf að berast innan 12 mánaða frá því að námi/námskeiði lauk.

Áunnin réttindi félagsmanna innan Starfsafls og/eða Landsmenntar eða VR haldast óbreytt þrátt fyrir flutning á milli sjóða, samkvæmt nánari reglum.

Upphæðir endurgreiðslu:

- Hámarksgreiðsla á ári er kr. 60.000,- fyrir almennt nám og lífsleikninámskeið samantlagt.
- Námskeið sem falla undir lífsleikni eru styrkt að hámarki kr.18.000,- á ári.
- Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna meiraþrófs að upphæð kr. 100.000,- .
- Nám til almennra ökuréttinda er styrkt að hámarki 60.000,- kr eins og annað starfsnám.

• Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um endurgreiðslu vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.

• Starfstengt réttindanáms: Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að kr. 132.000,- fyrir eitt samfellt námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

Upplýsingar um forsendur til styrkja er að finna á heimasíðu Hlífar, www.hlif.is, sem og umsóknareyðublað, en það má líka nálgast á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, sími 5100 800.

Fræðslusjóður Hlífar

Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins er Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes.

Almennt um skilyrði fyrir umsókn:

- Félagsmaður sem unnið hefur samfellt síðastliðna 12 mánuði og greitt til félagsins á rétt á styrk til náms.
- Iðgjald til félagsins að upphæð 14.800 kr. á ári (m.v. jan 2007) eða meira jafngildir 100% starfshlutfalli. Viðmiðunarupphæð tekur sömu hækkunum og kjarasamningsbundnar hækkanir.
- Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum, bæði hvað varðar hámarks upphæð á ári og kostnaðarhlutfall.
- Ljúka skal náminu, skila frumriti reiknings og viðurkenningu frá viðkomandi skóla á námsframvindu.
- Félagsmaður sem hverfur frá vinnu vegna fæðingarorlofs, veikinda, heimilisaðstæðna eða af öðrum gildum ástæðum skal halda réttindum í sjóðnum í allt að sex mánuði eða eins og þau voru við starfslok hverfi hann aftur til sinna fyrri starfa.
- Styrkur til hvers félagsmanns skal samanlagt aldrei vera hærri en kr. 60.000,- á hverju almanaksári.

Styrkir eru meðal annars veittir til almenns náms, tungumálanáms, tölvunáms og meiraþrófs. Veittir eru styrkir til ráðstefna, námsstefna og kynnisferða sem og til íslenskunáms fyrir félagsmenn sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Nánari upplýsingar um forsendur fyrir styrkjum, hlutfalli styrkja af heildarkostnaði og annað er tengist umsóknum um styrki úr fræðslusjóðnum er að finna á heimasíðu Hlífar, www.hlif.is.

SUDOKU

4				6				
	2	6		7	1			
	1			2	4		9	6
5	8	9		6		7		4
6		7		9		5	1	8
9	7		6	4			5	
			5	1		2	8	
			2					7

		6		7			2	8
					5		4	
	3	8		6	4	1	9	
	4		6			9		
		5		3		8		
	2			1		3		
	5	4	9	2		7	8	
	2		1					
1	9			5		2		

4				6				
	2	6		7	1			
	1			2	4		9	6
5	8	9		6		7		4
6		7		9		5	1	8
9	7		6	4			5	
			5	1		2	8	
			2					7

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

		HÁTIÐ	SPÓN		UTAN	YFIRSJÓN	IX	ÖKUNNUR	
LAND RENNA						8			
6				MJÓLK			GRÖNN		
GÆRA								AFA	I RÖÐ
	YFIR GANGUR	BOLI	500			FRUMEFNI ÞAK			
ILLA RÓA						SEFAST			
		1	TÆPUR				ÁS	SÖGN	LÍÐIR
				4	NEYÐ	LÍK			
GANGA HRATT LYF	10					FARINN	7		2
HAGLUR					IÞRÓTTA FÉLAG		ÖRLAGA NORN FUGL		
DEILA					FJÆR	5		SKOR DYR SÉRHLJ.	
	HAF	NÓTUR		VARPFUGL					SIGRAR
SKÓLI BUMBA					LÍTIL MÁLTÍÐ KVÆÐI		9	FORSETN. FLAUG	
FLÍK					SLÁTTAR TÆKI			AF	
								FYRSTUR 50	KOMAST
BAUNA DÓS					REGLU LEYSIÐ				
HEILT			3					KALDUR VINDUR -I	

Fyrsti vinningur er 10.000 krónur og annar vinningur helgardvöl í orlofshúsi Hlífar að eigin vali í vetur.

Dregið verður úr réttum lausnum. Úrlausnum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64 fyrir 15. janúar 2011.

Verkalýðsfélagið **Hlíf**



Við aðstoðum þig í námi!

Félagsmenn í Eflingu, Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur sem og fyrirtæki geta sótt um styrk til starfs- tengds náms og námskeiða.

www.starfsafl.is

Stuðningur við atvinnulífið.

Check our web page for grants for job-related courses.



starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins



Jólauppskrift matreiðslumeistarans

Alfreð G. Mariússon, matreiðslumeistari í Hraunvallaskóla, er fjölskylduafaðir og á þrjú börn með eiginkonu sinni Þórdísi Geirsdóttur. Börnin eru næstum öll upp- komin, en það yngsta byrjaði í Flensburg í haust. Sami jólamaturinn hefur verið á borðum fjölskyldunnar frá upphafi, svo segja má að hefðin sé orðin sterk hjá fjölskyldunni.

Það kemur ávallt í hlut Alfreðs að elda jólamatinn á heimilinu. Hann segir að sem menntaður matreiðslumeistari hafi hann einfaldlega yfirburði á því sviði fram yfir konuna sem sé tölvunarfræðingur. "Fólk getur auðvitað ekki verið meistarar á öllum sviðum," segir hann brosandí. Ekki kemur

heldur til greina að breyta matseðlinum, því börnin taka það ekki í mál. "Þetta er einfaldlega uppáhaldið á heimilinu á jólu- unum."

Eina ráðið sem Alfreð vill gefa varðandi jólaeldamenskuna er að fólk sé þolinmótt

og gefi sér góðan tíma; "Ekki flýta sér því maður verður fyrir svo miklum vonbrigðum ef eitthvað misheppnast."

Alfreð deilir hér fjölskylduhefðinni með okkur. Verði ykkur að góðu og gleðileg jól.

Jólamatur

Uppskriftir fyrir fjóra

Forréttur

Hvítlauksristaður humar

- 16 stk. Humarhalar
- 2 msk. Smjör
- 2 stk. Hvítlauksgeirar
- 1 pk. Blandað salat

Takið humarinn úr skelinni og hreinsið. Bræðið smjörið á pönnu og pressið hvítlaukinn úti með hvítlaukspressu (passið að brenna ekki laukinn.) Látið humarhalana úti vel heitt smjörið og steikið þar til humarinn er tilbúinn. Gott er að krydda með örlytlu salti og pipar.

Takið salatið, deilið því á fjóra diska og raðið humrinum ofan á.

Gott er að bera fram ristað brauð með réttinum. Einnig er gott að bræða meira smjör á pönnunni og nota sem sósu.

Aðalréttur

Léttreyktur lambahryggur

- 1 stk. Léttreyktur lambahryggur
- 2 l. Vatn
- 2 dl. Rauðvín
- 1 stk. Ferskur ananas

Sinnepsgljái

- 5 msk. Sætt sinnep
- 2 msk. Dijon sinnep
- 5 msk. Púðursykur

Setjið vatn, rauðvín og hrygginn í ofnpott eða eldfast form og sjóðið í ofni við 180°C í 1 klst. Hellið vökvanum í pott og notið í sósu. Hrærið saman sinnepsgljáann og smyrjið á hrygginn. Skerið Ananasinn í sneiðar og raðið á hrygginn og smyrjið sinnepsgljáa yfir. Setjið í miðjan ofn á yfirlita 200°C í u.þ.b. 20 mín. Gott er að stilla ofninn á grill við 250°C síðustu mínúturnar. Meðlæti: Sykurbrúnaðar kartöflur, létt soðið grænmeti og sósa úr soðinu.

Eftirréttur

Súkkulaði is

5 dl. Rjómi

- 1 dl. Sykur
- 2 stk. Eggjarauður
- 2 stk. Egg
- 1 stk. Vanillustöng
- 100 g. Súkkulaði



Léttþeytið rjómann og kælið. Skafið innan úr vanillustönginni. Setjið egginn, eggjarauðurnar, vanilluna og sykurinn í hræri- vélaskál og þeytið á fullum krafti í 10 mín.

Skerið súkkulaðið fínt niður og setjið í skál. Klæðið form að innan með plastfilmu og passið að ýta filmunni vel út í alla kanta. Blandið varlega saman rjómanum, eggja- blöndunni og súkkulaðinu. Hellið ísnum í formið og setjið í frysti í 6 – 8 klst.

Ábending:

Hægt er að nota hvernig súkkulaði sem er. Gott að bera fram ávexti og heita súkkulaðisósu með.



Trúnaðarmenn eflast með hverju þrepi

„Námskeiðin skila meiri persónulegri færni og sjálfstrausti auk þess sem fólk skilur starfið betur,“ segir Sigurlaug Gröndal verkefnastjóri sem stjórnar trúnaðarmannanámskeiðum sem haldin voru fyrir Hlíf í nóvember.

Námskeiðin eru í sjö þrepum þar sem meðal annars er kennd ræðumennska, hagfræði, stjórnunaraðferðir og fræðsla um einelti svo eitthvað sé nefnt.

Námið nýtist ekki bara í starfi, heldur í lífinu sjálfu og ekki er óalgengt að nemendur

haldi áfram að afla sér þekkingar eftir að því er lokið. Fyrir suma opnast nýjar leiðir og þeir fara í nefndarstörf í tengslum við vinnuna eða í stjórn málahreyfingar.

Guðbjörg Skúladóttir, trúnaðarmaður starfsmanna á Sólvangi, situr námskeiðið hjá Hlíf og segir stemninguna mjög góða í hópnum. Fólk eflist og námsefnið sé afar áhugavert. Til dæmis sé mjög mikilvægt fyrir trúnaðarmenn að vita hvar eigi að leita eftir upplýsingum þegar mál komi upp. Misskilnings virðist gjarnan gæta með starfssvið trúnaðarmanna. Þeim er til

dæmis ekki ætlað að leysa mál tengd verkstjórn, mætingum eða erfiðum persónulegum ágreiningsmálum að sögn Sigurlaugar.

„Það er líka mikilvægt að vita hvernig maður getur varið sig fyrir of miklum ágangi,“ segir Þorsteinn Jónsson, trúnaðarmaður í álverinu í Straumsvík.

Fyrst og fremst snýst starfið um að passa upp á að kjarasamningum sé fylgt en á því getur verið nokkur misbrestur. „Brot tengd fæðingarorlofi eru til dæmis sérstaklega áberandi þrátt fyrir að lög þess efnis séu að verða 11 ára. Feður hafa fengið hótanir um uppsagnir sem er svolítið sérstakt árið 2010,“ segir Sigurlaug.

Á hverju ári eru hátt í 70 námskeið haldin hjá félögum innan BSRB og ASÍ, sem Sigurlaug kennir. Hátt í þúsund manns sækja námskeiðin á ári hverju.

„Það eru forréttindi að fá að kynna svona mörgu fólki um allt land. Þetta gefur manni innsýn í mannlífið og ekki skemmir fyrir að sjá fólk fylgjast að gegnum þrepin og upplifa hversu mikil samstaða myndast í hópnum.“

Vissir þú að félagsmenn í Neytendasamtökunum og heimilisfólk þeirra ...

- fær Neytendablaðið 4 sinnum á ári þar sem finna má gæða- og markaðskannanir, auk ýmissa neytendafréttu sem skipta þig máli
- hefur ókeypis aðgang að leiðbeiningar- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna?
- styrkir með aðild sinni hagsmunabaráttu allra neytenda á Íslandi?
- greiðir aðeins 4.500 kr. í árgjald?

Eflum hag neytenda!

www.ns.is
sími 545 1200

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

- í þína þágu!

**Allt viðhald
fasteigna**

**TRÉSMÍÐJAN
OKKAR EHF.**

**Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði, s: 8944024**



Ný atvinnumiðstöð þjónar 1.400 manns

Tæplega 1.400 manns hafa nýtt sér þjónustu nýrrar atvinnumiðstöðvar í Hafnarfirði sem tók formlega til starfa í maí síðastliðnum. Miðstöðinni er ætlað að sinna svæðisbundinni vinnumiðlun, ráðgjöf og annarri þjónustu við atvinnuleitendur í Hafnarfirði, sér í lagi langtímaatvinnulausa og ungt fólk.

Laufey Brá Jónsdóttir, verkefnastjóri atvinnumiðstöðvarinnar, segist finna fyrir því að íbúar í Hafnarfirði séu mjög ánægðir með að þurfa ekki að fara langan veg til að sækja þessa þjónustu. „Við erum upplýsingamiðstöð um réttindi

fólks í Hafnarfirði, hvort sem það á rétt á bótum eða ekki,” segir Laufey; „og við metum það svo að ekkert sé okkur óviðkomandi. Trúnaður á milli okkar og þeirra sem hingað koma er 100%. Þó finnum við fyrir því að það er þyngra í fólki nú en í sumar. Fólk er áhyggjufyllra enda styttist í jólin og þetta er erfiður tími hjá mörgum.”

Það sem skipti þó höfuðmáli fyrir atvinnuleitendur sé að gefast ekki upp á að leita.

Laufey nefnir dæmi um mann sem hafi sótt í miðstöðina oft í viku frá opnun og ekki gefist upp á að leita að vinnu. „Hann kom til að laga ferilskrána, fara yfir

hvernig viðtölin fóru, hvað hann gæti haft í huga næst, hvaða fleiri fyrirtæki væru í hans geira og bara til að fá hvatningu. Að lokum bar það árangur því hann fékk vinnu fyrir tveimur vikum.”

Ferilskráin er lykilatriði

Laufey hvetur fólk til að fara í fyrirtæki og leggja inn umsóknir. Sum fyrirtæki séu hins vegar lokuð fyrir heimsóknnum og þá þurfi að senda umsóknir í tölvupósti. „Í þeim tilfellum er ferilskráin algjört lykilatriði hvort sem vinnusagan er stutt eða löng og við getum hjálpað fólki að bæta hana.”

Þá sé afar mikilvægt að fólk greiði í verkalýðsfélag. Fólk geri sér ekki grein fyrir hvað það fari á mis við mikil réttindi að vera ekki í verkalýðsfélagi.

Tæplega 1.400 manns hafa leitað til atvinnumiðstöðvarinnar frá opnun síðastliðið vor. Laufey segir aðalatriðið að atvinnuleitandinn upplifi sig ekki einan og það taki oft mörg nei til að fá já.

„Það skemmtilegasta sem gerist hjá okkur er þegar fólk kemur inn með bros allan hringinn og segir; „Jæja, nú máttu afskrá mig,” og það gerist oft í viku,” segir Laufey að lokum.

Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar er þróunarverkefni í samvinnu bæjarins og Vinnu-
málastofnunar auk aðila Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði.

Misskipting á Íslandi mikil

Rúmlega 3.600 fjölskyldur eiga yfir 100 milljónir króna og eiga mjög stóra hlutdeild í fjármagnstekjum sem greiddar eru út hér á landi. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra.

Frá hruni hafa eignir þessa hóps aukist og hann á nú rúmlega 80 prósent af hagnaði af sölu allra hlutabréfa.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, segir tölurnar tala sínu máli. Mis-

skiptingin sé of mikil. Í viðtali við RUV segir hann að eigna- og tekjuskiptingin í landinu sé mjög skökk. Ákveðinn hópur hafi á árum frjálshyggjunnar náð að safna upp miklum eignum og tekist að verja þær.

Alþýðusambandið hafi þá stefnu að færa skattbyrði af launum yfir á fjármagn og auðlindir. „Við höfum stutt ríkisstjórnina að hækka hann (fjármagnstekjuskattinn) og hitt að leggja á auðlegðaskatt. Það er tilefni til þess að þessir hópar leggi meira til málanna.”





Félagsfundir



Alcan í Straumsvík

Þann 27. október var fundað með félagsmönnum sem starfa hjá Alcan í Straumsvík.

Þeir lýstu yfir þungum áhyggjum af miklu álagi vegna undirmönnunar og þeim óbærilega hita sem stundum skapast í kerskálum álversins. Starfsmenn þurfi að klæðast öryggisklæðnaði með hjálma og grímur í skálanum, en á sumrin geti hitinn farið í allt að 56°C. Kerleki kalli á kaupauka og taka þurfi á ábyrgðarálagi sem virki ekki nema yfir sumartímann. Þá vildu félagsmenn að orlofsdögum yrði fjölgað. Nú sé orlofið 18 vaktir eða 30 daga samfelt frí. Þetta þurfi að bæta. Einnig þurfi að athuga greiðslur vegna veikinda í orlofi. Áherslur í kjarasamningum ítrekaðar á fundinum. Efst á blaði eru launahækkningar, flutningur nýtingar- eða gæðabónusa inn í grunnkaup, bæting öryggisbónusa og önnur mál er varða lífeyrissjóðsgreiðslusur, ábyrgðarálag og hækkun vaktaálags.

Að lokum voru eftirtaldir kosnir í samninganefnd: Kolbeinn Gunnarsson, formaður, Linda Baldursdóttir, varaformaður, Björn Bragi Sverrisson, Ólafur Pétursson, Guðbrandur Pálsson, Jórunn Silla Geirsdóttir, Heiðrún Þyri Sigfúsdóttir og Þorsteinn Jónsson.

Hafnarfjarðarbær

Félagsfundur með félagsmönnum Hlífar hjá Hafnarfjarðarbæ var haldinn 12. október síðastliðinn. Fundarmenn voru samþála helstu áherslum í Gallup-könnun um að leggja áherslu á laun og mönnunarmál í komandi kjarasamningum. Leiðrétta þurfi laun bæjarstarfsmanna. Félagsmenn lýstu yfir áhyggjum af afleiðingum yfirvinnubanns sem hefði í för með sér aukið álag. Fjölga þurfi starfsmönnum leikskóla og félagsliðum til að minnka álag og greiða starfsmönnum eldhúsa og þeim sem matist með börnum hálf tíma yfirvinnu eins og áður var. Leiðbeinendur fái undirbúningstíma inn í samninga og þvottur verði ekki á verksviði starfsmanna í eldhúsi en bærinn upplýsi um þá sem sjái um ræstingar ef um utanaðkomandi aðila er að ræða. Þá verði aðfangadagur og gamlársdagur frídagar allan daginn, ekki aðeins frá hádegi.

Í samninganefnd voru skipaðir: Kolbeinn Gunnarsson og Linda Baldursdóttir, en þau fara fyrir nefndinni. Aðalmenn voru kosnir: Agnes Finnsdóttir, Sigríður Þorleifsdóttir, Valgerður D. Sumarliðadóttir, Hildur Anna Karlsdóttir, Erla Óskarsdóttir, Ingibjörg P. Harðar-dóttir, Guðrún Elsa Finnbogadóttir, Ólöf Þórólfsdóttir, Eva Dís Gunnarsdóttir og Pétur Freyr Ragnarsson auk 11 varamanna.

Ríki og sjálfseignarstofanir

Starfsmenn ríkisins og hjá sjálfseignarstofnunum sem starfa samkvæmt kjarasamningum Hlífar funduðu að Reykjavíkurvegi þann 28. september.

Á fundinum kom fram að trúlega yrði samið fyrst við Samtök atvinnulífsins áður en farið yrði í samningaviðræður við ríkið. Áherslur fundarmanna vegna kjaraviðræðna voru helstar launahækkun, og mönnunar- og öryggismál. Félagsmenn vilja endurvekja kröfu um að starfsfólki umönnunarstofnana verði útvegaðir skór eða fái skóstyrk þar sem um heilsufarsmál sé að ræða. Hækkun vaktaálags var einnig rædd. Þar sem félagsmenn voru ekki vongóðir um launahækkun var talað um að fá til vara nokkra orlofsdaga til viðbótar inn í samninga og að fá innleiddan mætingarbónus.

Í samninganefnd voru kosnir fulltrúar frá Hrafnistu, Sólvangi og St. Jósefsspítala auk Kolbeins Gunnarssonar, formanns. Þeir eru: Lena Sædís Kristinsdóttir, Elín Björk Ragnarsdóttir, Ingunn H. Bradt, Vigdís Þórðardóttir, Guðbjörg Skúladóttir, Ingibjörg Steingrímsdóttir, Þórdís Brynjólfsdóttir og Erna Júlíusdóttir.



Samtök atvinnulífsins

Félagsmenn Hlífar sem starfa við Samtök atvinnulífsins áttu fund í félagsheimilinu að Reykjavíkurvegi 6. október síðastliðinn. Sameining var á fundinum um að leggja aðaláherslu á launabáttinn í komandi kjarasamningum og ná upp kaupmætti. Farið var yfir brot á samningum, sérstaklega frá árunum 1997 og 2000 þegar fyrirtæki þurftu svigrúm til uppbyggingar. Þetta skilaði sér ekki til starfsmanna, en eigendur tóku sér arðgreiðslur. Félagsmenn lýstu yfir áhyggjum af því að hvati til að vera á vinnumarkaði væri lítill hjá þeim sem væru á lægstu launum þegar atvinnuleysisbætur væru nánast jafn háar. Kolbeinn Gunnarsson ræddi fjölda sérkjarasamninga sem taka þyrfti á eins og í tengslum við vaktavinnu hjá Hópbílum/Hagvögnum o.fl.

Samninganefnd var skipuð stjórnarmönnum og trúnaðarmönnum félagsins



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLIÐ
Reykjavíkurvegi 64
Sími: 5 100 800
www.hlif.is



Þora ekki að sækja rétt sinn

Dæmi eru um að fólk þori ekki að sækja kjarasamningsbundinn rétt sinn vegna ótta við að missa vinnuna. Þetta hefur komið upp þegar þrengir að á vinnumarkaði og hefur aukist eftir efnahagshrunið. Þetta segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar.

Komið hefur fram í fréttum að ástandið sé ekki eingöngu bundið við almennan vinnumarkað. Það sé búið að vera viðvarandi frá hruni og fari versnandi.

Hlíf sækir rétt félagsmanna sinna á atvinnurekendur og í sumum tilfellum endar innheimta slíkra mála hjá lögmönnum

félagsins. „Við tókum hart á málum er varða brot á kjarasamningum og ráðningarkjörum félagsmanna okkar og fylgjum þeim til enda,“ segir Kolbeinn.

Hann hvetur félagsmenn hiklaust að hafa samband við félagið ef þeir telji að verið sé að brjóta á rétti þeirra. Fólk fari gjarnan af stað þegar það hafi fengið uppsögn eða sé hætt að vinna hjá atvinnurekandanum. „Það er alltaf slæmt ef félagsmenn leita ekki strax eftir samningsbundnum rétti sínum. Því það getur verið erfiðara að innheimta málið þegar ráðningarsambandi er lokið.“

Verkalýðsfélagið Hlíf sendir félagsmönnum og landsmönnum öllum bestu jóla- og nýárskveðjur



Nýr bústaður í Munaðarnesi

Tekinn hefur verið í notkun nýr sumar-
bústaður í Munaðarnesi. Bústaðurinn var
keyptur foheldur árið 2007 en fullgerður
nú í sumar. Stærð hans er 65 fermetrar og
stór verönd er í kringum húsið. Þetta er
annar bústaður Hlífar í Munaðarnesi, en
hann stendur þar á 1,5 hektara lóð eldri bú-
staðar sem félagið á.


Í heildina á Hlíf sjö sumarhús. Auk sumar-
húsanna í Munaðarnesi eru tvö í Vaðnesi,
tvö í Ölfusborgum og eitt í Húsafellsskógi.

Þá á félagið þrjár orlofsbúðir á Akureyri og
leigir sumarhús á Austurlandi yfir sumar-
tímann.

Kolbeinn Gunnarsson formaður Hlífar segir
nýja bústaðinn mjög þakkláta viðbót við
þann fjölda sumarhúsa sem félagið á fyrir;
„Þessi viðbót kemur að góðu vegna mikillar
aðsóknar félagsmanna í bústaðina á þess-
um tíma, sérstaklega eftir að dró úr ferðum
félagsmanna til útlanda.“

Ný og betri heimasíða

Á stjórnarfundum Verkalýðsfélagsins
Hlífar 28. október síðastliðinn var
ákeðið að fela auglýsingastofunni
Betri stofunni að endurnýja heima-
síðu félagsins. Gert er ráð fyrir að nýr
og aðgengilegri vefur verði kominn í
notkun í desember.



Horfinn starfsmannasjóður forgangskrafa í protabú Festis

Starfsmannasjóður fiskvinnslufyrirtækisins
Festis ehf hvarf við gjaldþrot fyrirtækisins
í árslok 2009. Hlíf hefur haft málið til með-
ferðar og fengið lögmenn félagsins til að
fara yfir lagalega stöðu starfsmannanna.
Gerð hefur verið krafa í protabúíð og þar
sem um er að ræða forgangskröfu er líklegt
að hún fái greidd að fullu. Samkvæmt
upplýsingum frá skiptastjóra er verið að
ljúka ýmissi annarri vinnu vegna uppgjör-
sins og er búist við að greiðsla gæti jafnvel
borist fyrir áramót.

Ótrúlegar viðskiptafléttur virðast hafa verið
framkvæmdar til að koma kvóta og bát
Festis í félag Jakobs Valgeirs Flosasonar sem
gjarnan er kenndur við Stím. Nýverið fjallaði
Kastljós um miklar afskriftir Landsbankans
til Jakobs. Báturinn og aflaheimildir Festis
eru nú í Bolungarvík þrátt fyrir að í kaup-
samningi við Landsbankann hafi komið
fram að fiskvinnslan yrði áfram starfrækt í
Hafnarfirði og kappkostað yrði að verja þau
störf sem fyrir voru.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á
nýja vefnum sem miða að því að bæta
þjónustuna við félagsmenn. Þar verð-
ur meðal annars hægt að nálgast eldri
eintök af Hjalmi, upplýsingar og eyðu-
blöð um styrki, umsóknir um leigu á
sumarhúsum Hlífar og þá aðstoð sem
Hlíf býður félagsmönnum sínum auk
allra almennra upplýsinga.
Baldvin Þór Baldvinsson hjá Betri
Stofunni sá um útlitshönnun og upp-
setningu heimasíðunnar en hann
hefur einnig séð um uppsetningu á
fréttablaði Hlífar frá árinu 1996.